

Dagur íslenskrar tungu

Dagur íslenskrar tungu var haldinn hátíðlegur að venju í öllum skólum landsins 16. nóvember síðastliðinn. Akurskóli var engin undantekning og var haldin hátíð á sal skólans. Þar komu fram allir nemendur skólans auk gesta af leikskóladeildunum Akri og Dal. Nemendur fluttu ljóð, sungu og sögðu frá Jónasi Hallgrímssyni en 16. nóvember er fæðingardagur skáldsins.



Lestraráttak

Lestraráttak hófst formlega 2. október með því að Svanhildur Eiríksdóttir, bókmenntafræðingur á Bæjarbókasafni Reykjanesbæjar, hélt smá ræðu um hvernig nemendur geta ferðast í huganum til fjarlægra staða þegar þeir lesa bækur. Einnig gaf hún nemendum og kennurum bókamerki. Næstu tvær vikur þar á eftir kappkostuðu nemendur að lesa bækur, bæði heima og í skólanum. Fyrir hverja bók sem þeir lásu, létu þeir hlekk í bókadrekann sem hangir uppi á bókasafninu og liðast hér um alla ganga. Þegar bókadrekinn nær inn í kennslurýmin verður óvænt uppákoma í því rými.

Lestraráttakinu er formlega lokið en við minnum á að lestur er þjálfun og nemendur bæta sig ekki nema þeir lesi og það er alltaf hægt að bæta sig. Sláum ekki slöku við. Verum dugleg að lesa.



Stóra upplestrarkeppnin

Stóra upplestrarkeppnin er liður í starfi allra 7. bekkinga landsins. Aðal markmið hennar er að kenna nemendum framkomu. Allir nemendur 7. bekkjar fá markvissa kennslu í framkomu og tjáningu, upplestri og raddbeitingu. Nemendur taka síðan þátt í undankeppni í skólanum og vinningshafar hennar fara í lokakeppni sem Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar stendur fyrir.

Tannfræðingur

Tannfræðingur kom í heimsókn á dögnum og fræddi nemendur í fyrsta, þriðja, fimmta og sjöunda árgangi um hollustu og tannhirðu. Þetta er fastur liður í skólastarfinu.



SpKef
Sparisjóðurinn í Keflavík

Aðventan

Aðventan hófst á því að nemendur skreyttu skólann hátt og lágt. Nemendur hafa notað desembermánuð til að fönndra hin ýmsu listaverk tengd jölunum. Foreldrafélagið var með sitt árlega jólaföndur sem var mjög vel sótt í ár.

Nemendum í 1. og 2. bekk var boðið í Listasafn Duus-húsa á sýninguna Höll ævintýranna eftir Bjarna Ingvarsson í flutningi Möguleikhússins. Gaman er frá því að segja að nemendur Akurskóla voru hinir prúðustu og nutu leiksýningarinnar. Föstudaginn 15. desember héldu nemendur til kirkju, þar tók séra Baldur Rafn á móti þeim, og fræddi þau um jólin og jólahald. Nemendur sungu jólalög með aðstoð Elvars Sævarssonar gítarleikara. Eftir kirkjuferðina var haldið aftur í skólann en þegar kom að hádegismatnum ríkti heldur betur gleði í loftinu. Ilmandi hangikjöt, uppstúf, kartöflur, laufabrauð, baunir og rauðkál beið barnanna ásamt jólaöli. Kennarar og starfsfólk þjónuðu til borðs, jólalög voru spiluð og allir skemmtu sér konunglega, enda ekki á hverjum degi sem að hátíðarmatur er á borðum.



Litlu jólin

Litlu jólin verða haldin miðvikudaginn 20. desember milli 09:00 og 11:00. Nemendur mega koma með smákökur og lítinn pakka að verðmæti 300 krónur. Boðið verður upp á heitt kakó. Dansað verður í kringum jólatré og nemendur munu eiga saman góða stund í stofunni sinni ásamt umsjónarkennara. Munum eftir að vera í hátíðarskapi og mæta í spariklæðnaði.

Starfsdagur

Næsti starfsdagur kennara verður haldinn þriðjudaginn 23. janúar. Öll kennsla fellur því niður þann daginn, en Frístundaskólinn verður opinn fyrir þau börn sem að hann sækja.

Óskilamunir

Alltaf safnast upp mikið af óskilamunum er líða fer á veturinn. Við viljum biðja foreldra að kíkja á óskilamunaborðið reglulega. Rauði Kross Íslands nýtur góðs af þeim óskilamunum sem ósóttir eru.

Endurskinsmerki

Við viljum minna foreldra og nemendur á mikilvægi endurskinsmerkja. Mikilvægt er að allir, stórir sem smáir, noti endurskinsmerki er dimma tekur.


Bílastæði fatlaðra

Við aðalinngang Akurskóla er sérmerkt bílastæði fatlaðra. Mikilvægt er að við virðum þessar merkingar.



Lego keppnin

Akurskóli tók þátt í Legókeppni nú í nóvember. Tvö lið, Naglarnir og Bleiku blöðurnar, fóru frá Akurskóla með nemendum úr 6. og 7. bekk. Eftir miklar æfingar við að byggja vélmenni og leysa þrautir sem lagðar voru fyrir. Liðin stóðu sig sérlega vel, og



enduðu bæði í 4. til 8. sæti, en alls tóku 16 lið þátt í keppninni. Liðin studdu vel við bakið á hvort öðru en annað liðið, Bleiku blöðurnar fékk verðlaun fyrir skemmtilegasta liðið. Keppnin fór vel fram og nemendur og þeir foreldrar sem mættu voru Akurskóla til fyrirmyndar.



Jólakveðja

*Starfsfólk Akurskóla
óskar öllum nemendum
og fjölskyldum þeirra
gledilegra jóla og
farsældar á komandi ári.*



Þemadagar

Þemadagar voru í Akurskóla dagana 23. til 27. október síðastliðinn. Yfirskrift þemadaganna var „Skreytum skólann okkar“ Nemendum var skipt í hópa og völdu þeir sér viðfangsefni. Í boði var glervinnsla, glermósaik, trjákurlmósaik og grímugerð. Nemendur voru áhugasamir og er afrakstur vinnunnar einstaklega skemmtilegur. Fjöldi listaverka prýða nú skólann okkar.



Stærðfræðipraut

Þraut 1

Á jólatré Akurskóla voru hengdar 87 rauðar kúlur. Á litlu jólunum datt jólasveinninn utan í tréð þannig að 11 kúlur dattu á gólfíð og brotnuðu. Hvað eru margar rauðar kúlur eftir á jólatrénu?




Þraut 2

Á jólatrénu eru 300 jólaljós. Ljósín eru marglit, rauð, gul, blá og græn. Jafn mörg ljós eru í hverjum lit. Hvað eru mörg ljós af hverjum lit á jólatrénu?



Þraut 3

Þegar jólasveinninn datt utan í jólatréið, þá brotnuðu ekki aðeins jólakúlurnar, heldur brotnuðu 8 rauðar perur, 12 grænar perur, 4 bláar perur og 5 gular perur. Hvað voru mörg logandi ljós eftir á jólatrénu.



Alviðra

Nemendur í Löxum og Silungum fóru í Alviðru 21. - 22. nóvember. Markmið ferðarinnar var fyrst og fremst að þjappa hópnum saman og njóta útivistar. Nemendur fengu fræðslu um líf í fersku vatni, fugla og landslagið í kringum Alviðru. Ferðin gekk mjög vel og voru kennarar sammála um að nemendurnir hafi verið frábærir og sýnt góða hegðun.



Félagslíf

Miðvikudaginn 12 desember var kaffihú-sakvöld fyrir nemendur í 5., 6. og 7. bekk. Boðið var upp á heitt kakó og piparkökur. Eins og sjá má á myndunum var frábær stemning. Listafólkið okkar í Akurskóla lét sig ekki vanta þegar kom að skemmtiatriðum, en þar mátti sjá hljómsveitaratriði, danssýningar og rafmagnsbílastökk á heimsmælikvarða!



Frístundaskólinn

Frístundaskólinn er kominn í jólaskap!!!

Það var mikið fjör í piparkökubakstrinum hjá börnunum í Frístundarskólanum í síðustu viku. Piparkökur voru bakaðar og þær síðan málaðar af listafólkinu í Akurskjóli. Ætlunin var að bjóða vinum og vandamönnum í kaffi og piparkökur fyrir jólin, en því miður kláruðust þær!! Ákveðið var að við skildum fjórfalda uppskriftina fyrir næstu jól svo fleiri fengju að smakka þessar dýrindis piparkökur!!!



Kornið

Fréttabréf Akurskóla

Ábyrgðarmaður: Dröfn Rafnsdóttir

Akurskóli
Tjarnabraut 5
S: 420 4550 Fax: 420 4551
www.akurskoli.is
akurskoli@akurskoli.is